KPMG

**KPMG ehf.**
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Vefsíða www.kpmg.is

**Umboðsmenn kröfuhafa og**

**Hagar hf.**
**Hagasmára 1,**
**201 Kópavogur**

Reykjavík, 27. apríl 2023.

**Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir í tengslum við ársreikning vegna skuldabréfaflokks HAGA181024.**

Vísað er til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, dags. 18. október 2021, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, dags. 27. apríl 2023.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, verðmat sem liggur til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 28. febrúar 2023 voru viðkomandi fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir eftirfarandi:

**1. Vaxtaþekja**

EBITDA 12 mánaða tímabils, frá 1.3.2022 - 28.2.2023, nam 12.041 m.kr. Á sama tímabili námu vaxtagjöld 2.070 m.kr. Vaxtaþekja tímabilsins telst því vera 12.041/2070 eða 5,8. Fjárhagslegar kvaðir í flokknum HAGA181024 eru að vaxtaþekja sé eigi lægri en 2.

**2. Eiginfjárhlutfall**

Eigið fé Haga þann 28.2.2023 nam 27.931 m.kr. Heildareignir skv. efnahagsreikningi sama dag nam 72.007 m.kr. Eiginfjárhlutfall Haga þann 28.2.2023 er því 38,8% Fjárhagslegar kvaðir í flokknum HAGA181024 eru að eiginfjárhlutfall sé að lágmarki 25%.

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum- og sérstökum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir því staðfest.

Fyrir hönd staðfestingaraðila

***KPMG ehf.***

Helga Harðardóttir

KPMG ehf., íslenski aðilinn að KPMG International Cooperative("KPMG International"), svissnesku samvinnufélagi

Reykjavík
Akranes
Akureyri
Borgarnes
Dalvík
Egilsstaðir
Hafnarfjörður
Hella
Höfn
Reyðarfjörður
Reykjanesbær
Sauðárkrókur
Selfoss
Skagaströnd
Stykkishólmur
Vestmannaeyjar